# Breyting á deiliskipulagi frístundahúsa Rauðhúsum Eyjafjarðarsveit




Gildandi deiliskipulag - mkv. 1:3000 samþ 10.06.92 (unnið af Pétri H. Jónssyni arkitekt)

Gildandi byggingar- og skipulagssilmálar frá 1992

1. Hús: Sumarhúsabyggð í landi Rauðhúsa Eyjafjarðarsveit.

Sumarhús verða af stærðinni 45-60 fm. Þau skulu byggð úr timbri. Þakhalli 18-45° og hámarkshæð mænis skal vera 4.5 m frá jörðu.
Litaval skal vera í samræmi við umhverfi eftir því sem kostur er á. Þetta á sérstaklega við um litaval á þökum. Endanleg staðsetning húsanna á hverri lóð skal ákveðin í samráði við bygginga nefnd og byggingarfulltrúa.

2. Vegir: Rauðhús tengjast vegakerfinu á þjóðveg 821 og er vegalengdin til Akureyrar ca. 25 km. Gatnakerfi í sumarhúsabyggðinni er fyrir hendi og þarfnast aðeins lítillar lagfæringar við.

3. Girðing: Allt svæðið verður eftir þörfum girt og gert fjárhelt.

4. Skógrækt: Nú þegar hefur verið gróðursett talsverðu magni af trjáplöntum á svæðinu og ætlunin er að halda því starfi áfram.

5. Lóðir: Lóðirnar eru frá 1800-3400 fermetrar að stærð og stór sameiginleg svæði. Nálægð við Melgerðismela ætti að hafa jákvæð áhrif, m.t.t. þeirrar aðstöðu sem þar byggist upp í framtíðinni.

6. Eignarhald: Svæðið verður áfram í eigu núverandi landeiganda. Lóðirnar verða leigðar út.

8. Vatn: Vatnsveita verður í umsjón landeigenda.

9. Rotþrær: Gert er ráð fyrir að rotþró verði fyrir hvert sumarhús og umsjón með þessum þætti verði í höndum húseigenda.

a. Sorphirða: Landeigandi muni gangast fyrir að þessi mál verði leyst á sómasamlegan hátt. (Nú í umsjón sveitarfélagsins)

b. Rafmagn: Leigutakar þurfa að kosta tengingu við raforku.

Breyting

1. Bætt er við einni lóð nr. 22 sem er eignarlóð og er hún 7000 fm að stærð. Þá er lóð nr. 21 stækkuð um 10.225 fm.

2. Hámarksstærð húsa verður allt að 140 fm í stað 60 fm áður og vegghæð aðalhæðar skal ekki vera meiri en 3.0 m og mænishæð allt að 5.5 m. Á lóð 22 er heimilt að vera með kjallara eða neðri hæð undir húsinu og heildarstærð þess má vera allt að 320 fm

3. Við breytinguna minnka sameiginleg svæði nokkuð og miðsvæðið "BÁL GRILL" færist örlítið til norðvesturs.

4. Leiðréttar eru stærðir á lóðum með óreglulegar útlínur þ.e. nr. 3, 4 og 14-18 miðað við framkvæmdir á staðnum og innmælingu




Deiliskipulag breyting - mkv. 1:2000

Skipulagstillagan var auglýst almenningi til sýnis skv. 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. þann 19.3. 2008
Athugasemdarfrestur var til 27.3. 2008

Deiliskipulagsbreyting þessi sem hefur fengið meðferð skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.sbr. var samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann. 25.07.2008

Sveitarstjóri




Aðalskipulag 2005-2025

Skýringar:

- Skipulagsmörk
- 5 m hæðarlínur
- 25 m hæðarlínur
- Byggingarreitir
- ® Rotþró
- Breyting
- Umferðarsvæði
- Lóðir fyrir frístundahús
- Núverandi byggingar

BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR
DEILISKIPULAGSVINNA UNNIN Í SAMVINNU ARKITEKTASTOFUNNAR FORM OG BÚNAÐARSAMBANDS EYJAFJARÐAR

**Rauðhús Eyjafjarðarsveit frístundahús**

verk: | teiknað ÁH og GHG | kvarði: 1:2000 í A2

efni: DEILISKIPULAG - DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

dags: 17.03.08 | a: 21.11.08 | b: | c: | blað: 1

form

ÁRNI ÁRNASON húsgagna- og innanhússarkitekt FHÍ
ÁGÚST HAFSTEINSSON arkitekt FAÍ

ARKITEKTAR HÖNNUÐIR KAUPANGI v/MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 462-6099 NETFANG: form@nett.is